



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

SOUTH ICELAND INSTITUTE
OF NATURAL HISTORY

Alþingi

Erindi nr. Þ 128/763

komudagur 15.1.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 7. janúar 2003.

Efni: Umsögn um „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum“ þingskjal 499, 404. mál.

Náttúrustofa Suðurlands tekur undir það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til verndar rjúpnastofninum en Náttúrustofan er ekki að öllu leyti sátt við frumvarpið.

Ekki er gerð athugasemd við 1. gr., þ.e. bann við notkun vélsleða og fjórhjóls til aksturs að veiðislóð, eða 3. gr., þ.e. að lögini taki gildi 15. október 2003.

Í 2. gr er ákvæði til bráðabirgða um bann við sölu á rjúpum og rjúpnaafurðum. Náttúrustofa Suðurlands leggur til að við fyrstu setningu bætist: „kaupa, gefa eða þiggja að gjöf“ líkt og er í síðustu setningu 6. málsgreinar 18. gr. laga nr. 64/1994 þar sem fjallað er um nýtingu hlunninda. Fyrsta setning verður þá: „Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja, kaupa, gefa eða þiggja rjúpur og rjúpnaafurðir.

Enn fremur leggur Náttúrustofa Suðurlands til að 2. málsgrein 2. gr. verði felld niður þar sem erfitt, ef ekki ómögulegt, er að greina á milli innlendra og innfluttra rjúpna eftir að þær eru komnar í verslanir og veitingahús. Leyfi á sölu innfluttra rjúpna verður því að öllum líkindum til þess að ekki verður unnt að framfylgja sölubanni á innlendum rjúpnaafurðum.

Virðingarfyllt,

Ingvar A. Sigurdsson
forstöðumaður